

C11 – Frönsk vörn (Steinitz afbrigðið)

**Daði Örn Jónsson (2462)**

**Volker Leupold (SIM, 2439)**

Undanúrslit 69. Evrópumóts einstaklinga

Það er ekki auðvelt að vinna bréfskákir, jafnvel þegar maður stýrir hvítu mönnunum, og Franska vörnin getur verið sérlega erfið viðureignar. Í þessari skák bregst hún svörtum hins vegar með eftirminnilegum hætti.

Skákin var teft í undanúrslitum 69. Evrópukeppni einstaklinga og andstæðingur minn var þýski bréfskákmeistarinn Volker Leupold (SIM, 2439). Hann hefur teft á sjötta hundrað bréfskákir og Franska vörnin hefur lengi verið í vopnabúri hans.

**1.e4 e6**

Leupold hefur margoft beitt frönsku vörninni í skákum sínum og með ágætum árangri, þótt hann velji Sikileyjarvörnina oftar.

**2.d4 d5 3.Rc3 Rf6**

Leupold kýs klassíska afbrigðið eins og hann gerir oftast.

**4.e5**

Ég kýs að feta í fótspor Steinitz. **4.Bg5** er önnur algeng leið, sem Árni H. Kristjánsson valdi í athyglisverðum sigri gegn Peter J. G. Cijs í landskeppni okkar við Hollendinga.

**4...Rfd7 5.f4**

Langalgengasti leikurinn, þótt einnig komi til greina að leika **5.Rf3** eða **5.Rce2**.

**5...c5 6.Rf3 Rc6 7.Be3**

Þetta er algengasta leiðin í klassíska afbrigðinu. Hvítur treystir á léttu mennina til að styrkja miðborðið í stað þess að lengja í peðakeðjunni og undirbúa c2-c3.

**7...Be7**

Þessi hógværi leikur átti ekki upp á pallborðið hjá Fransmönnum fyrir en á síðustu árum, en hefur verið að vinna sig í álit og er nú orðinn einn vinsælasti leikurinn. Svartur heldur áfram að þróa stöðuna í rólegheitum og undirbýr hrókun. Peðastöðunni er haldið óbreyttri og það er hvítur sem verður að taka af skarið um áframhaldandi uppbyggingu stöðunnar og ákveða hvernig hann reynir að komast áfram gegn traustri uppbyggingu svarts.

Í framhaldinu bíður svartur oft áfram átekt á þess að hreyfa við peðastöðunni á miðborðinu og leikur ...a6 ásamt ...b6 eða ...b5. Einnig kemur til greina að leika ...f6 við tækifæri.

**8.Dd2**

Vinsælasti leikurinn, sem heldur ýmsum leiðum opnum og valdar jafnframt biskupinn á e3. **8...O-O 9.dxc5**

Hér hefur verið vinsælast að leika **9.Be2** og hróka síðan stutt, þótt framhaldið í skákinni sé einnig oft teft.

**9...Rxc5**

**9...Bxc5** er algengari leikur í kappskákum, en í bréfskákum er oftar tekið á c5 með riddaranum. Báðum leikjunum má svara með því að hróka langt eins og hvítur gerir í skákinni.

**10.O-O-O Dc7**

Ekki **10...Da5?! 11.Kb1 Bd7? 12.Rxd5!** Zhigalko-Li Shilong, Cappelle la Grande 2006


**11.Kb1**

Ég velti fyrir mér hvort þessi fyrirbyggjandi leikur væri nauðsynlegur, eða hvort ég kæmist upp með að hefja strax aðgerðir á kóngsvængnum. Að lokum ákvað ég að leika þessum hefðbundna leik.

**11...a6**

**11...b6** er annar möguleiki, sem N. Vitiugov beitti gegn Hikaru Nakamura fyrir á árinu. John Watson furðaði sig á því í skýringum við skákina að hann fann einungis eina skák þar sem þessari eðlilegu uppbyggingu hafði verið beitt. Framhaldið varð **12.Bb5!? Bb7 13.h4 Ra5!? 14.Bd4 Hac8?! 15.Rg5 Rc4 16.De2! h6 17.Bxc4 dxc4 18.Bxc5!? Bxc5? 19.Rge4** og hvítur hafði sigur eftir 66 leiki.

Nakamura, Hikaru - Vitiugov, Nikita, 54. Reggio Emilia mótið, 2012. Sjálfur er ég þó ekki hrifinn af því framhaldi sem Nakamura valdi eftir **11...b6**.



**12.h4!**

Nýjung. Hingað til hefur verið leikið **12.Df2 b6 13.Rd4** (eða **13.Bd3**). Í skákinni Dmitrij Jakovenko (2740) - Igor Lysyj (2615), Russia Cup Final 2012, varð framhaldið **13...Bb7 14.Bd3 Hac8 15.Hhe1 Rxd3 16.Hxd3 b5 17.Rxc6 Bxc6 18.Re2 d4 19.Rxd4 Be4 20.Hc3 Db7 21.Hxc8 Hxc8**. Skákinni lauk með jafntefli eftir 39 leiki.

**12...b6**

Þegar hér var komið sögu hafði ég eitt litlum tíma í þessa skák, en lagðist nú undir feld. Daginn eftir var ég kominn með áætlun sem ég taldi þess virði að

láta reyna á.


**12...b5** kom að sjálfsgöðu einnig til greina, en svartur kýs að leika þeirnu einum reit skemmra líkt og Vitiugov gerði gegn Nakamura.

### 13.Bd3!

Það er ekki óalgengt í þessu afbrigið að hvítur leiki biskupnum til d3, en hér setur hann svartan í óvenju mikinn vanda. Svartur verður nú m.a. að gera upp við sig hvort það sé raunveruleg hótun hjá hvítum að fórna biskupnum á h7.


Vissulega er riddarinn tilbúinn að leggja til atlögu á g5 eftir biskupsfórnina, en það er eitt sem fellur ekki inn í þetta vel þekkt fórnarmynstur, sem gengur undir heitinu „gríska gjöfin“. Það er staða hvítu drottningarinnar. Hún er illa staðsett til að fylgja sókninni eftir þar sem svartur riddarinn valdar d3 og hún kemst ekki heldur yfir á h-línuna til að taka þátt í sókninni. Stæði drottningin t.d. á e2, þá gæti hún fylgt sókninni eftir á hefðbundinn hátt af fullum krafti þar sem hún kemst í einum leik yfir á h5-reitinn. Þá væri jafnframt alveg ljóst að Bxh7+ mundi leiða til vinnings.

Eftir að hafa skoðað stöðuna vandlega og kannað hverju skákreiknarnir mæltu með, þá komst andstæðingur minn að þeirri niðurstöðu að staða drottningarinnar á d3 útilokaði það að fórnin gæti gengið upp.



### 13...Rb4

Skynsamlegur leikur hafi svartur sannfærst um að fórnin á h7 gangi ekki upp. En er það mat rétt? Staðan er í raun mjög hættuleg fyrir svartan og ástæðan fyrir því að hann tók ekki einfaldlega biskupinn er sú, að eftir **13...Rxd3 14.Dxd3 Rb4 15.De2** er hann ekki með öfundsverða stöðu, t.d. **15...b5 16.f5!** og hvítur stendur vel.



### 14.Bxh7+!!

Þrátt fyrir óhagstæðar kringumstæður fórnar hvítur biskupnum! Ég tók þessa ákvörðun án þess að vera fullviss um útkomuna. Staðan er einfaldlega of flókin til þess að kanna öll afbrigði til hlítar og skákreiknarnir voru ekki alveg með á nótunum. Enginn þeirra stakk t.d. upp á þessum leik. Síðasti leikur svarts tvívaldaði d3-reitinn og því dugir ekki lengur að taka riddarann á c5 til að koma drottningunni til d3.

Ég leitaði í gagnagrunni með meira en fimm milljón skákum og komst að því að biskupnum hafði ekki verið fórnað áður við þessar aðstæður. Sú skák sem kemst næst þessu er skákin Hannes Langrock - Derek Gaede, Bundesliga (yngri flokkur) 2000. Þar voru aðstæður þó einfaldari og mun auðveldara að sjá að fórnin gengi upp.

Nýlega hafa verið skrifaðar a.m.k. tvær bækur sem fjalla eingöngu um biskupsfórnina á h7/h2. Önnur þeirra heitir Sacking The Citadel og er eftir bandaríska bréfskákmeistarann Jon Edwards. Hin bókin heitir einfaldlega Bxh7! og er eftir David Rudel. Ég er nokkuð viss um að jafnvel í þessum ítarlegu ritum er ekki fjallað um þá flóknu útgáfu fórnarinnar sem hvítur beitir í þessari skák.

### 14...Kxh7 15.Rg5+ Kg8

Eðlilegasti og lang besti leikurinn, þótt hvítur þurfi að kanna alla svarmöguleika svarts þegar hann færir honum grísku gjöfina.

**15...Bxg5 16.hxg5+** er augljóslega vonlaust.


**15...Kg6 16.f5+ exf5** (Eftir **16...Kxf5 17.h5** mátar hvítur í nokkrum leikjum.) **17.h5+ Kh6 18.Re6+** og svarta drottningin fellur.

**15...Kh6 16.f5 Re4 17.Rcxe4 Dxc2+ 18.Dxc2 Rxc2 19.Kxc2 exf5 20.Re6+ f4 21.Bxf4+** og hvítur er einfaldlega manni yfir.

**15...Kh8** Hér stendur kóngurinn illa þegar h-línan opnast **16.De2 g6 17.h5 Kg8** og svartur hefur tapað



að sækja vinninginn í endatafli. Það skýrir m.a. hvers vegna skákreiknar eiga erfitt með að sjá biskupsfórnina í 14. leik og meta framhaldið rétt.  
**22...Dxc2+ 23.Dxc2 Rxc2**



Svartur er tveimur mönnum yfir og hefur náð drottningaruppskiptum. Hvernig getur hvítur haldið sókninni áfram?

**24.f5!!**

Riddarinn á c2 freistar hvíts ekki. Hann verður að fórna meira liði áður en hann byrjar að draga vinninginn að landi. Það má segja að sigur eftir biskupsfórnina í 14. leiki byggi á þessum leik.

**24...exf5**


Það er skammgóður vermir að hirða riddarann: **24...Bxg5 25.f6** og það er fátt til varnar gegn hótuninni **26.Hg6+** og svo **27.Hh1**. Ekki gengur heldur að taka biskupinn: **24...Rxd4 25.f6 Rf5 26.g7** og mátið er óumflýjanlegt.

**25.e6**

Hótar máti á h8.

**25...Rxd4**

Nú er hvítur þremur mönnum undir og tímabært að fara að vinna lið til baka! Næstu leikir eru þvingaðir.




**26.gxf7+ Hxf7 27.exf7+ Kf8 28.Hh8+ Kg7 29.Hxa8 Re6 30.Hg8+ Kf6 31.Rxe6 Kxf7 32.Hg7+ Kf6**

Ekki **32...Kxe6 33.He1+** og biskupinn á e7 fellur.

**33.Hxe7 Kxe7 34.Rc7**

Nú fer afraksturinn af biskupsfórninni að verða ljós. Eftir öll uppskiptin verður hvítur skiptamun yfir og er með vinningsstöðu.



**34...Kd6 35.Rxd5 Ke5 36.Re7 Bb5 37.He1+ Kf6 38.Kc2 Rc5 39.Rd5+ Kg5 40.Rxb6**

Hvítur vinnur með því að skapa sér fríþéð á drottningarvæng. Svartur hefði getað gefist upp með góðri samvisku.

**40...Rd3 41.Hd1 Rf4 42.Hd8 Re6 43.Hg8+ Kf6 44.g3 Bc6 45.Kc3 Be4 46.b4 Kf7 47.Hc8 Ke7 48.a4 Bg2 49.b5 axb5 50.axb5 f4 51.gxf4 Rxf4 52.Rc4 Re6 53.b6 Kd7 54.Hg8 Be4 55.Ra5 Rd8 56.Hg7+** og svartur gaf. 1-0